



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Kópavogi, 27.9.2024
24041107/SK og BS

24041107- Rökstuðningur vegna tillagna um breytingum á stofnskrá Náttúrufræðistofu Kópavogs

1. Tillaga er gerð um breytingu á nafni Náttúrufræðistofu Kópavogs í Náttúruvísindasafn Kópavogs:

Undanfarna mánuði hefur staðið yfir vinna sem snýr að endurmótun á starfsemi Náttúrufræðistofu Kópavogs þar sem áhersla lögð á hlutverk hennar sem viðurkennds safns, þá sérstaklega hvað varðar fræðslu- og miðlunarhlutverk. Á safninu er unnið viðamikil fræðslustarf þar sem stutt er við náttúrulæsi barna og könnun þeirra á náttúrunni. Þar er jafnframt unnið að því að kynna fyrir börnum ólíkar hliðar náttúruvísinda þar sem umhverfið er kannað í gegnum aðferðir líffræði, efnafræði, eðlisfræði og stjörnufræði.

Heitið Náttúrufræðistofa vísar í fyrra hlutverk safnsins sem aðallega fólst í rannsóknarstarfi og var með óljósa skírskotun við samfélagslegt hlutverk safnsins. Nýja heitið, **Náttúruvísindasafn**, felur í sér að um er að ræða safn, sem alla jafna hefur þá skilgreiningu að vera opið öllum og að hvetja til könnunar og þekkingarsköpunar.

Heitið **Náttúruvísindasafn Kópavogs** er lýsandi fyrir þá starfsemi safnsins sem nú er lögð áhersla á að sinna.

Í heitinu **Náttúruvísindasafn** kemur fram að á safninu sé náttúran könnuð á vettvangi vísindanna. Vísindi eru hér bæði í skilningi yfirheitisins „náttúruvísindi“ en vísa einnig í tilraunir og kannanir sem börn geta stundað á safninu undir handleiðslu starfsfólks þess.

Náttúruvísindasafn undirstrikar að um safn sé að ræða en ekki stofnun eða stofu.

Þá er lögð áhersla á að viðurkennt safn vinnur eftir safnalögum þar sem gerð er krafa um fræðsluhlutverk, sýningarstarf, faglega umsjón með safneign og miðlun. Einnig að standa fyrir viðburðum og útgáfu m.a. á rafrænu efni.



2. Tillaga er gerð á breytingu á forgangsörðun í aðalhlutverki safnsins:

Lagt er til að færa til liði undir aðalhlutverki safnsins til að samræma þær áherslur í safnastarfinu sem nú er unnið eftir. Núna er megináhersla lögð á fræðslu og sýningarstarf safnsins í endurmótaðri starfsemi og því lagt til að sá liður sé efst í forgangsörðun (var liður c). Liður sem fjallar um rannsóknir á náttúrunni er færður í d. lið og þar bætt við að safneign safnsins sé einnig til rannsóknar sem fellur að safnalögum, þar sem viðurkenndum söfnum ber skylda til að sinna rannsóknum á eigin safneign.

3. Breyting á hæfniskröfum forstöðumanns:

Lagt er til að teknar séu út sértækar menntunarkröfur forstöðumanns Náttúrufræðistofu Kópavogs til að takmarka ekki umsækjendur um starfið í framtíðinni. Einnig samræmist sú breyting núverandi kröfum sem gerðar eru til forstöðumanns Gerðarsafns í stofnskrá hennar.

Virðingarfyllt,

Soffía Karlsdóttir
Forstöðumaður menningamála
Brynja Sveinsdóttir
Forstöðumaður Náttúrufræðistofu Kópavogs